


Ábending vegna draga að menntastefnu

Fyrirliggjandi drög að menntastefnu eru um margt metnaðarfull. Það vekur þó athygli að ekki er að því er virðist á neinn hátt vikið að þeim mikla og vaxandi kynjahalla sem er í menntakerfinu. Sá halli kemur m.a. þannig fram að piltum gengur að jafnaði verr í skóla, brottfall þeirra er meira en stúlkna og að allt of hátt hlutfall þeirra mælist með dapra kunnáttu í grundvallargreinum eins og lestri. Ein afleiðingin er að helmingi lægra hlutfall pilta en stúlkna hefur náð að ljúka háskólaprófi undanfarin ár. Það er vitaskuld óásættanlegt að menntakerfið komi svo illa til móts við þarfir helmings þjóðarinnar.

Skýringar þessa eru vitaskuld flóknar og verður ekki reynt að rekja þær hér. Þó verður að nefna hve óheppilegt hlýtur að vera að piltar sjá fáa karla sem fyrirmyndir innan menntakerfisins. Þannig eru karlar innan við 10% starfsmanna leikskóla og innan við 20% kennara í grunnskólum. Þannig gæti piltur hæglega lokið bæði leikskóla og grunnskóla án þess að hafa nokkurn tíma karl sem kennara nema e.t.v. í leikfimi.

Í ljósi þessa hvet ég til þess að í menntastefnunni verði lögð áhersla á að taka á vanda pilta í menntakerfinu þannig að það nýtist þeim jafnvel og bekkjarsystrum þeirra. Raunar ætla ég að leyfa mér að fullyrða að það sé mikilvægasta áskorunin sem kerfið stendur frammi fyrir.

Seltjarnarnesi, 3. desember 2020



Gylfi Magnússon, prófessor